

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands, um bættu nýtingu á bílastæðahúsum eftir miðnætti (US220172)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands:

Bílastæðahús loka á miðnætti og opna kl. 07:00. Væri ekki skynsamlegri nýting að leyfa íbúum að nýta húsin yfir nóttina og minnka þannig þörf á bílastæðum meðfram götum sem væri hægt að nýta undir aðra ferðamáta og manneskjulegra umhverfi? Oft er skortur á bílastæðum fyrir íbúabyggðina í miðbænum og því er spurt hvað hindri íbúum með íbúakort að fá aðgang að bílahúsum að næturlagi í sínu nærumhverfi?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 24. ágúst sl.

Svar:

Með því að hafa bílahúsin opin er ljóst að kostnaður við rekstur þeirra mun aukast verulega og myndi sá kostnaður hlaupa á tugum milljóna kr. á ári .

Þess á móti myndu tekjur vegna bílahúsanna ekki aukast sem þess nemur þar. Ólíklegt er að margir myndu borga fyrir bílastæði í bílahúsum þar sem ekki er gjaldskylda utan bílahúsa á nóttunni. Þegar er möguleiki fyrir notendur að leggja bílum sínum í bílahúsum yfir nóttina en afar fáir nýta sér það úrræði.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri